



## Fundargerð hreppsnefndar 19. mars 2015

Fundur nr. 18 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 19. mars 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Friðrik Óli Atlason, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Bárður Jónasson, Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Sigurjón Haukur Hauksson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar óskaði oddviti heimildar að leita afbrigða og taka fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 03. mars sl. á dagskrá sem d. lið 1. máls. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

### 1. Fundargerðir:

a. Stjórnar SSA dags. 11. febrúar og 23. febrúar 2015  
Lagt fram til kynningar.

b. Hafnarnefndar dags. 3. mars 2015  
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

c. Auka aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands dags. 6. mars 2015  
Lagt fram til kynningar.

d. Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 03. mars 2015.  
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

### 2. Almenn mál:

a. Kosning fulltrúa á ársfund Menningarráðs Austurlands sem haldinn verður á Seyðisfirði 24. mars 2015  
Samþykkt samhljóða að tilnefna Berghildi Fanney Hauksdóttur sem fulltrúa Vopnafjarðarhrepps á ársfund Menningarráðs Austurlands.

b. Teknar fyrir umsóknir um starf afgreiðslumanns í Lyfsölu Vopnafjarðarhrepps Sigríður Elva vék af fundi undir þessum lið og sæti hennar tók Einar Björn Kristbergsson. Sveitarstjóri tók síðan til máls og sagði Helgu Jakobsdóttur hætta eftir 25 ára starf í lyfsölu eftir farsælan feril, henni þakkað vinnuframlagið. Umsækjendur um starfið voru 3: Karin Bach, Borghildur Sverrisdóttir og Birna Margrét Björnsdóttir.  
Lagði sveitarstjóri eftirfarandi til:  
„Í framhaldi af yfirferð umsókna legg ég til að Karin Bach verði ráðin í starf lyfsölunnar“.  
Samþykkt samhljóða að ráða Karin Bach til starfans.

c. Tillaga um hlutafjárukningu í Gáf ehf og afsal hlutafjár í Gáf ehf til Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.  
Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir málinu og lagði til að eftirfarandi yrði samþykkt:

„Hreppnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að auka hlutfé í GáF ehf., kt. 550612-1190, um kr. 200.000 og síðan afsala öllu hlutafé, kr. 300.000, í GáF til Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs. og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. í jöfnum hlutföllum. Hlutafénu er afsalað án endurgjalds“. Tillagan samþykkt samhljóða.

d. Drög að nýju skipuriti fyrir Vopnafjarðarhrepp lagt fram  
Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir málinu og rakti vinnu starfshópsins sem skipaður var af hreppsnefnd á fundi hennar þann 03. september sl. Fór síðan í gegnum skipuritið og þær forsendur sem liggja að baki þess.

Nefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum og voru almennt sammála um að vel hafi tekist til með vinnu starfshópsins. Skipuritið síðan samhljóða samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 17:00.